



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Staðan í málaflokki flóttafólks hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Meðfylgjandi minnisblað, dags. 11. október 2022, um stöðuna í málaflokki flóttafólks hjá Reykjavíkurborg er sent borgarráði til upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir,
starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt: Minnisblað til borgarstjóra dags. 11. október um stöðuna í málaflokki flóttafólks hjá Reykjavíkurborg.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

Staðan í málaflokki flóttafólks hjá Reykjavíkurborg

Í samræmdri móttöku flóttafólks voru þann 5. október sl. 744 einstaklingar, sem fá þjónustu Alþjóðateymis Reykjavíkurborgar á Suðurmíðstöð í Breiðholti. Samningur Reykjavíkurborgar við félagsmálaráðuneytið (nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið) um samræmda móttöku flóttafólks kveður hins vegar á um að velferðarsvið veiti 500 flóttamönnum þjónustu. Til viðbótar eru um 600 flóttamenn sem eru með dvalarleyfi af mannúðarástæðum¹ (stöðu flóttafólks) að fá þjónustu á miðstöðvum Reykjavíkurborgar, flestir á Vesturmíðstöð á Laugavegi 77 og Norðurmíðstöð í Efstaleiti. Þessir einstaklingar heyrja ekki undir samninginn en endurgreiðslur koma frá ríkinu vegna þeirra fyrir útlögðum kostnaði, s.s. greiddri fjárhagsaðstoð og húsbúnaðarstyrk, í samræmi við leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks frá maí 2014.² Hins vegar koma engar greiðslur fyrir þjónustu ráðgjafa eða annars starfsfólks sem veitir þjónustu og ráðgjöf. Ástæða þess að ekki hefur reynst unnt að skrá fleiri í samræmdu móttökuna er að samningurinn gerir ekki ráð fyrir slíkum fjölda og þ.a.l. ekki nægilegur fjöldi stöðugilda til að veita þjónustuna. Við stækkun samningsins mun vera unnt að auka stöðugildi og ráða starfsmenn í jöfnu hlutfalli við stækkunina.

Ríkið hefur nú sinnt kalli Reykjavíkurborgar við útvegum húsnæðis og hefur það t.d. veitt um 60 flóttamönnum húsnæði í Síðumúla 19. Tilvísanir bárust til Alþjóðateymis vegna þeirra en teymið varð að vísa þeim frá vegna gríðarlegs álags á starfsfólks teymisins. Viðkomandi flóttafólk hefur því sótt aðstoð á Norðurmíðstöð þar sem þjónusta er veitt með auknu álagi á starfsfólk þar.

Framkvæmdastjórn Norðurmíðstöðvar í Efstaleiti og Vesturmíðstöðvar gerðu í síðustu viku alvarlegar athugasemdir við ástandið og nú hafa framkvæmdastjórnir á Austurmíðstöð í Grafarvogi og Suðurmíðstöð í Breiðholti einnig gert athugasemdir. Með opnun fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins í Borgartúni eykst álagið enn frekar á miðstöðvarnar. Miðað við stöðuna í dag þarf að ráða inn sex til átta ráðgjafa á miðstöðvarnar og í Alþjóðateymi til að anna þjónustunni. Mjög þungt hljóð er í starfsmannahópnum og verði ekkert að gert mun starfsfólk enda í veikindum eða segja upp. Það er brýnt að ráða inn þessi stöðugildi og má gera ráð fyrir kostnaði allt frá 60-80 m.kr., sem fellur á Reykjavíkurborg án greiðsluþátttöku ríkisins verði samningurinn um samræmda móttöku ekki stækkaður.

Til viðbótar við ofangreint ástand fá um 50 umsækjendur um alþjóðlega vernd mánaðarlega stöðu (stærsti hópurinn frá Venesúela). Umræddir aðilar ættu undir eðlilegum kringumstæðum að fara í samræmda móttöku flóttafólks en eins og staðan er í dag er einungis hægt að taka við þeim sem eru með verulegar áskoranir og aðrir enda í þjónustu á miðstöðvum Reykjavíkurborgar með öllum þeim kostnaði sem því fylgir.

Samningurinn um samræmda móttöku flóttafólks rann út 31. mars sl. Frá þeim tíma hafa engar greiðslur borist frá ríkinu fyrir þá sem eru sannarlega í samræmdri móttöku. Nýtt samningssniðmát félags- og vinnumarkaðsráðherra um samræmda móttöku flóttafólks gerir

¹ Dvalarleyfi af mannúðarástæðum er veitt á grundvelli verndar vegna fjöldaflotta eða í kjölfar efnislegar meðferðar umsóknar um vernd.

² [Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks \(stjornarradid.is\)](#)



ráð fyrir að greiðslur komi fyrir þá sem eru í samræmdri móttöku þegar nýr samningur er gerður. Engin trygging er hins vegar fyrir því að kostnaður sem fellur til vegna ráðgjafar eða þjónustuveitingar starfsfólks á miðstöðvum fái endurgreiddur, enda fæstir sem fá þjónustu þar skráðir í samræmda móttöku flóttafólks.

Samningsviðræður við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hafa verið yfirstandandi en ásteytingarsteinninn hefur einkum verið sú krafa að sveitarfélögin beri ábyrgð á því að útvega öllum húsnæði. Reykjavíkurborg hefur nú lagt til ákveðna breytingu á orðalagi í kröfulýsingu með samningnum sem lausn á þeim vanda en boltinn er hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Á meðan ekkert þokast í samningaviðræðum eykst álag á starfsmenn Alþjóðateymis og miðstöðva Reykjavíkurborgar. Þá er einnig veruleg undirfjármögnun á aðstoð við flóttabörn í leik- og grunnskólum og virðist ríkið ekki ætla að taka þátt í þeim kostnaði nema að óverulegu leyti.

Það besta fyrir velferðarsvið í núverandi stöðu væri að taka fleiri flóttamenn inn í samræmda móttöku, þótt ekki hafi verið skrifað undir nýjan samning, og Alþjóðateymi heimilað að ráða inn starfsmenn í sex til átta stöðugildi ráðgjafa, sem geta verið staðsett bæði í Alþjóðateymi og á miðstöðvum Reykjavíkurborgar. Ríkið hefur nú þegar útvegað stórum hópi húsnæði í Síðumúla og Brautarholti og í bígerð er að útvega enn fleirum dvalarstað í öðru húsnæði í Síðumúla, þannig að ekki þarf að óttast að krafa um að útvega húsnæði fyrir fólk í samræmdri móttöku verði Reykjavíkurborg of þungbær. Með þessu móti er fólk tryggt samræmd móttaka og jafnframt tryggt að samningurinn, ef og þegar hann verður undirritaður, nái til endurgreiðslna vegna starfsmannakostnaðar við þjónustu flóttafólks og annan kostnað s.s endurgreiðslu á túlkþjónustu og síðast en ekki síst verður hinu mikla álagi sem er á starfsfólki velferðarsviðs aflétt.

Þegar kemur að undirritun samnings um samræmda móttöku þá er lagt til að samið verði um að taka allt að 1500 í samræmda móttöku enda verði samþykkt að slaka á kröfunni um að Reykjavíkurborg útvegi öllum húsnæði og samhliða verði unnið að lausnum hjá Reykjavíkurborg til að unnt verði að taka við þeim fjölda barna sem fylgir inn í grunn- og leikskóla Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,
Dís Sigurgeirsdóttir